

## AUGLÝSING

**um bann við innflutningi frá Kína, Taílandi, Suður-Kóreu, Víetnam, Japan, Taívan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Inflúensu eða fuglaflensu.**

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið Avian Inflúensa í Kína, Taílandi, S-Kóreu, Víetnam, Japan, Taívan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong, en Avian Inflúensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum og soðnum afurðum alifugla frá ofangreindum löndum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 26. mars 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2004.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*